

Atferlisfræði

Innræting folalda

Tímabil: 2000-

Styrktaraðili: Kennaraháskóli Íslands

Lýsing á verkefni: Árið 2000 var sett í gang verkefni í innrætingu folalda (imprint-training) við Hólaskóla. Þetta verkefni byggir á hugmyndum og aðferðum hins ameríska dýralæknis Dr. Roberts Miller. Hann heldur því fram að námsgeta nýfæddra folalda sé mun meiri en síðar á æviskeiðinu og að hana megi nýta til að flýta fyrir tamningu á þann hátt að meðhöndla folöld á fyrstu klukkustundum og dögum lífs síns. Í Hólarannsókninni voru 22 folöld meðhöndluð og 22 ekki. Um haustið var lagt mat á árangur sem var enginn, niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að hross læri ekki með innrætingu. Þetta verkefni er þó enn í gangi, því ætlunin er að fylgja þeim folöldum sem tóku þátt í verkefninu eftir í gegnum frumtamningu og sjá hvort þar komi fram munur.

Birting niðurstaðna:

- Hrefna Sigurjónsdóttir and Víkingur Gunnarsson, 2002. Controlled Study of Early Handling and Training of Icelandic Foals. Havemeyer Workshop on Horse Behavior and Welfare, Hólar Iceland June 13-15, 2002.
[http://www2.vet.upenn.edu/labs/equinebehavior/hvnwkshp/hv02/sigurjon\(1\).htm](http://www2.vet.upenn.edu/labs/equinebehavior/hvnwkshp/hv02/sigurjon(1).htm)

Eru hestar ættræknir ?

Tímabil: 2003-

Styrktaraðili: Nýsköpunarsjóður, University of Guelph Canada

Lýsing á verkefni: Sumarið 2003 var sett upp rúmlega 2 mánaða atferlisfræðirannsókn þar sem leitast var við að svara spurningunni "Eru hestar ættræknir ?" Verkefnið vann kanadískur dýralæknanemi Kate Sawford, undir leiðsögn Hrefnu Sigurjónsdóttur dýraatferlisfræðings og prófessors í líffræði. Verkefnið var unnið á Hólum í Hjaltadal. Grunnhópurinn voru 15 tryppi í eigu Hólaskóla, sem síðan var bætt í 9 aðkomutryppum einu í einu með nokkurra daga millibili. Niðurstöður benda til þess að skyld hross haldi sig oftast nær hvort öðru en hafi ekki endilega meiri samskipti sín á milli að öðru leyti. Reynslan af verkefninu gaf tilefni til að rannsaka þetta frekar og fer framhaldsrannsókn fram sumarið 2004.

Atferli hrossa að vetri til

Tímabil: 2001-2004

Styrktaraðili: Kennaraháskóli Íslands.

Lýsing á verkefni: Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að gera forstigskönnun á skjólnotkun hrossa að vetri til, svo hægt væri að undirbyggja frekari rannsókn. En jafnframt að skoða félagshegðun og tímanotkun hrossa að vetri til. Rannsóknin var gerð á Hólum í Hjaltadal í Skagafirði. Gögnum var safnað seinni hluta vetrar 2001 með því að fylgjast með og mæla hegðun tveggja hópa með 19 og 23 hrossum og síðan var hegðun þriggja hópa með 19, 28 og 30 hrossum mæld veturinn 2002. Til að meta félagsgerðina voru öll samskipti sem sáust skráð og tímanotkun metin með s.k. skimunaraðferð (instantaneous scanning). Skjólnotkun hrossanna reyndist vera afar lítil og var eingöngu mælanleg hjá einum hóp. Hrossahópunum var gefið vel af heyi, en ekki við skjólin. Á meðan hrossin höfðu nægt hey leituðu þau ekki í skjólið. Marktæk virðingarröð var í öllum hópunum. Geldingarnir voru ofar í virðingarröðinni en hryssurnar en aldur og þyngd réðu þó mestu um stöðu einstaklinganna. Eldri hrossin voru jafnframt árásgjarnari. Hross sem voru ofarlega í virðingarröðinni héldu betur holdum en þau sem voru neðarlega. Í vondum veðrum voru hærra settir einstaklingar oftast í skjóli fyrir veðrinu en þeir sem voru lægra settir og voru þeir síðarnefndu meira á beit í einum hópnum og í öðrum voru þau minna í heyi. Mestur tími hrossanna fór í að éta og næstmestur í hvíld.

Niðurstöður benda til að ráðandi hross geti bæði tryggt sér meiri aðgang að heyi og notið skjóls frá lægra settum hrossum. Því þarf að huga að því þegar hrossahópar

eru settir saman í girðingar að draga eins og unnt er úr hættu á því að yngri hross og uppburðarlítill verði undir í samkeppninni um fæðu og skjól. Reynsla af þessari rannsókn sýnir að áhugavert væri að gera rannsókn á skjólanotkun að vori og hausti, þar sem úrkoma er tíð og hrossum ekki gefið mikið.

Birting niðurstaðna:

- Mastersverkefni Hrefnu Berglindar Ingólfssdóttur, 2004. Atferli íslenska hestsins að vetrarlagi. M.Sc. ritgerð við raunvísindadeild Háskóla Íslands, (100 bls).